

Nd.

445. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 18 1. febr. 1936, um fávítahæli.

Flm.: Arnfinnur Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Ríkið lætur reisa og starfrækja:

- a. Skólaheimili, eitt eða fleiri, fyrir unga vanvita og hálfvita og börn og unglinga, sem að dómi sálfræðinga eru sérstaklega vanþroska, en kenna má þó ofurlítið til munns og handa.
- b. Hjúkrunarhæli fyrir örvita eða þá fávíta, unga og gamla, sem ekkert geta lært og ekkert unnið til gagns.
- c. Vinnuhæli, eitt eða fleiri, fyrir fullorðna fávíta, sem vinnufærir eru að einhverju leyti, en verða þó að teljast ófærir til að vinna alveg fyrir sér eða stunda vinnu á almennum heimilum.

2. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Barnaverndarráð Íslands hefur eftirlit með öllum þessum heimilum, en heilbrigðisstjórnin skipar lækni, sérfróðan um mein fávíta, ef kostur er, til eftirlits og leiðbeiningar um heilsugæzlu sjúklinganna.

3. gr.

7. gr. laganna falli niður, og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því.

4. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna falli niður.

Greinargerð.

Árið 1935 flutti Guðrún heit. Lárusdóttir frumvarp til laga um fávítahæli í Ed. Alþingis. Gat hún þess í þingræðu, að málið væri ekki nýr gestur í deildinni, enda mun það hafa mætt takmörkuðum skilningi í fyrstu. Lögín náðu samþykki þingsins, en þó með þeim hætti, að augljóst var, að þau mundu ekki um sinn koma til framkvæmda. Frúin sætti sig þó vel við þessa afgreiðslu. Mun henni hafa þótt mestu skipta, að Alþingi viðurkenndi þörfina fyrir þau hæli og uppeldisheimili, sem lögín fjalla um, og treyst því, að ekki mundi líða á löngu áður en stjórnarvöld landsins hefust handa um að koma þeim á fót.

Við fráfall frúarinnar virðast þessi lög hafa fallið í gleymsku. Eru nú liðin full 11 ár síðan þau voru staðfest, og hefur þó ekkert verið aðhafzt til þess að hrinda fyrir mælum þeirra í framkvæmd.

Breytingar þær, sem hér er lagt til, að gerðar verði á lögnum, miða fyrst og fremst að því að taka af öll tvímæli um, að þau skuli koma til framkvæmda. Er ríkinu gert að skyldu að reisa og starfrækja þau hæli, sem um getur í lögnum. Áf samþykkt þeirra mundi að sjálfsögðu leiða það, að strax á þessa árs fjárlögum yrði að veita fé til framkvæmdanna, enda ekki að neinu hrapað, þótt svo verði gert, ellefu árum eftir að lögín voru sett.

Nánar í framsögu.